



## Myndir ársins



# Öryggi blaðamanna

- **Blaðmannaverðlaun** ársins
- **Formannskipti** og lagabreyting á aðalfundi
- **Við erum ekki** öll fjölmiðlar

**Viðtal:**  
**Björn Vignir**  
**Sigurpálsson**



- **Horft um öxl** til framtíðar
- **Gamla myndin**
- **Öryggi** heima og heiman
- **Siðaúrskurðir**



# EFNI BLAÐSINS



## Félagið

- 4** Blaðamannaverðlaun ársins
- 7** Ávarp Björns Vignis
- 8** Mynd ársins
- 13** Formannaskipti og lagabreyting á aðalfundi
- 14** Horft um öxl til framtíðar

## Umræðan

- 16** Við erum ekki öll fjölmiðlar
- 18** Blaðamannaminni
- 21** Gamla myndin
- 22** Öryggi heima og heiman
- 26** Fjölmiðlafrelsi forsenda lýðræðis

## Úrskurðir

- 28** Siðadómar

## Félagatal

- 33** Félagatal BÍ

**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

*Birgir Guðmundsson (birgir@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

**Útlitshönnun:** *Prentmet Oddi*

**Prentun:** *Prentmet Oddi*

## Skrifstofa Blaðamannafélagsins

*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553 9155*


*Bréfsími 553 9177*

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*

*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*



## Forsíðumynd

*Forsíðumyndina tók **Porkell Porkelsson**.*

*Ásta Kristín Marteinsdóttir, sjúkraliði og laganemi, skráði sig í sveit bakvarða þegar faraldurinn knúði að dyrum. Eins og aðrir heilbrigðisstarfsmenn stóð hún í ströngu á árinu. Myndin var valin mynd ársins.*

# Lifandi félag

# Ógnandi starfsumhverfi

Í fyrstu málsgrein 26.gr. Fjölmíðalaga er kveðið á um lýðræðislegar skyldur almennra fréttamiðla. Þar segir að fjölmiðlaveita (fréttamiðill) skuli „í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmíðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.“

Þarna eru áréttuð af löggjafanum sú ábyrgð sem samfélagið leggur á herðar blaðamönnum og fjölmiðlum, ábyrgð sem raunar hefur áður verið formfest af fagstétt blaðamanna í Siðareglum Blaðamannafélagsins. Þessar skyldur og sú ábyrgð sem þeim fylgir kallar á sjálfstæða og óháða blaðamennsku sem raunar getur verið flókið mál að útfæra og framkvæma. Því er þessi lagagrein Fjölmíðalaganna refsilaus og stendur sem eins konar stefnuyfirlýsing frá löggjafanum, enda væri það vægast sagt sérstakt ef framkvæmdavalið í formi Fjölmíðlanefndar væri í nafni tjáningarfrelsis að útdeila refsingu ef hún metur að vinnubrögðum blaðamanna sé ábótavant! Raunverulegt og eftirsóknarverðara eftirlit með því hvort unnið er eftir grunnreglum blaðamennskunnar hlýtur að vera sjálfstærilít blaðamanna. Um það eru flestir sammála um víða veröld. Það hvort einstök fjölmiðlafyrirtæki eða stofnanir setji sér einhverjar innanhússreglur um háttsemi og framkomu og kalli það siðareglur getur verið gagnlegt og sjálfsagt, en snertir þó yfirleitt lítið þessar grundvallarskyldur og ábyrgð sem blaðamenn sem fagstétt kjósa að gangast undir.

Segja má að jafnvægi, sanngirni og nákvæmni séu lykilhugtök sem einkenna þá faglegu blaðamennsku sem telur sér skylt að koma á framfæri málum sem varða almannahag og „upplýsingaréttur almennings krefst“. Þetta getur satt að segja verið vandasamt verk, enda margir sem telja það sanngirnismál að raska jafnvægi og nákvæmni frásagna sér og sínum hagsmunum í hag. Fortölur, auglýsingar og almannatenglavæðing eru vel þekkt dæmi bæði á Íslandi og erlendis um tilraunir til að hafa áhrif á fréttafólk. Á seinni árum hafa ógnanir og hótanir af ýmsu tagi gagnvart blaðamönnum orðið meira áberandi. Efalaust er að slíkar ógnir hafa aukist, en hugsanlega er þetta jafnframt í vaxandi mæli að koma upp á yfirborðið með opnari umræðu.

Hér í blaðinu eru birtar fyrstu tölur fyrir Ísland úr alþjóðlegu rannsóknarverkefni þar sem athyglinni er m.a. beint að öryggi blaðamanna í heiminum. Í ljós kemur að ástæða er til að hafa nokkrar áhyggjur af ógn við blaðamenn á Íslandi. Þannig hefur tæpur helmingur íslenskra blaðamanna upplifað að vera ógnað í starfi á síðastliðnum 5 árum og um 60% hafa mátt þola að siðferði þeirra hafi verið dregið í efa. Vissulega má segja að hótanir og efasemdir um siðferði geti verið af ýmsum toga og misjafnlega alvarlegar, en þetta dregur fram ákveðin einkenni starfsumhverfis þar sem blaðamenn þurfa að sýna jafnvægi, sanngirni og nákvæmni í umfjöllun sinni. Þegar við bætist að milli fjórðungur og fimmtungur blaðamanna hefur orðið fyrir þvingunum í orðum eða gerðum og svipað hlutfall býr við að um þá hafi verið dreift persónuupplýsingum, auk alls kyns annarra ógna sem margir hafa búið við, er ljóst að það er tímabært að ræða hvað er uppbyggileg gagnrýni á blaðamenn og hvað eru beinlínis árásir.

Enginn er eyland, einhlítur sjálfur sér, og það á vissulega við um Ísland og ógnandi tilburði við blaðamenn. Við erum ótvírætt brot meginlandsþróunar hvað þetta varðar þó staðan hér sé blessunarlega ekki eins slæm og víða annars staðar. Því er ugglaut skynsamlegt fyrir íslenska blaðamenn í viðbrögðum sínum, að horfa til reynslu erlendra kollega og samtaka þeirra hvað þetta varðar.

*Birgir Guðmundsson*

## Aðalstjórn:

Formaður: Sigríður Dögg Auðunsdóttir  
Varaformaður: Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni  
Gjaldkeri: Trausti Hafliðason, Vbl.  
Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV  
Nadine Guðrún Yaghi, Sýn  
Einar Þór Sigurðsson, Fbl.

## Varamenn

Ritari: Ragna Gestsdóttir, Birtingi  
Frosti Logason, Sýn  
Bára Huld Beck, Kjarnanum

## Samningaráð

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ  
Aðalsteinn Kjartansson, varaformaður  
Skúli Halldórsson, Mbl.  
Anna Lilja Þórisdóttir, RÚV  
Lovisa Arnardóttir, Fbl.  
Kristín Ólafsdóttir, Sýn  
Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni

## Varamenn

Heimir Hannesson, DV  
Guðjón Guðmundsson, Vbl.  
Guðný Hrönn Antonsdóttir, Birtingi

## Siðanefnd

Hjörtur Gíslason, formaður  
Friðrik Þór Guðmundsson, varaform.  
Fanney Birna Jónsdóttir

## Varamenn

Jóhannes Tómasson  
Valgerður Jóhannsdóttir  
Sigríður Árnadóttir.

## Dórnafnd Blaðamannaverðlauna

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, formaður  
Arndís Þorgeirsdóttir  
Óli Kr. Ármannsson  
Steinunn Stefánsdóttir  
Þórlindur Kjartansson

## Menningar- og orlofshúsasjóður

Lúðvík Geirsson, form.  
Elin Albertsdóttir  
Guðmundur Sv. Hermannsson

## Varamaður:

Sigurður Már Jónsson

## Stjórn Styrktarsjóðs

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir  
Guðni Einarsson

## Varamenn

Sunna Kristín Hilmarsdóttir  
Hjálmar Jónsson  
Baldur Guðmundsson

## Skoðunarmenn reikninga

Sigtryggur Sigtryggsson  
Hörður Ægisson

## Varamaður

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Kjörnefnd

Arndís Þorgeirsdóttir  
Kristján Hjálmarsson  
Guðmundur Ólafur Ingvarsson

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:  
Fréttablaðið: Lovisa Arnardóttir  
DV: Erla Dóra Magnúsdóttir  
Syn/Visir/Bylgjan: Kristín Ólafsdóttir  
Birtingur: Guðný Hrönn Antonsdóttir  
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson  
Kjarninn: Arnar Þór Ingólfsson



# Tilnefningar dómnefndar til blaðamannaverðlauna fyrir árið 2020



Verðlaunagripirnir tilbúnir til afhendingar.

## Umfjöllun ársins

### **Birta Björnsdóttir og Guðmundur Björn Þorbjörnsson, RÚV.**

Fyrir fjölbreytta, aðgengilega og upplýsandi umfjöllun af erlendum vettvangi sem vakið hefur athygli í þáttunum Heimskviðum.

### **Erla Björg Gunnarsdóttir og Nadine Guðrún Yaghi, Sýn.**

Fyrir áhrifamikla og afhjúpanði umfjöllun Kompáss um dulinn vanda kvenna með þroskahömlun sem leiðst hafa út í vændi.

### **Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson, Kjarnanum.**

Fyrir vandaða og yfirgripsmikla umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 og margháttaðar afleiðingar hans.

## Viðtal ársins

### **Erla Hlynsdóttir, DV.**

Fyrir áhrifamikið viðtal við Elísabetu Ronaldsdóttur þar sem lýst er alvarlegu ofbeldi í nánu sambandi.

### **Hlédís Maren Guðmundsdóttir, Stundinni.**

Fyrir viðtal við fjórar ungar íslenskar konur sem eiga rætur að rekja til Asíu og lýsa kynferðislegum kynþáttafordómum í sinn garð allt frá grunnskólaaldri.

### **Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu**

Fyrir viðtal við Ingva Hrafn Jónsson þar sem hann ræðir um andlát bróður síns og þá ákvörðun hans að þiggja dánaraðstoð.

## Rannsóknarblaðamennska ársins

### **Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan og Stefán Drengsson, RÚV.**

Fyrir fréttaskýringarþátt um afdrif tveggja gámaflutningaskipa sem Eimskip seldi í gegnum millilið til niðurrifs í Indlandi þvert á evrópsk lög.

### **Freyr Rögnvaldsson og Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson, Stundinni.**

Fyrir fréttaflutning um plastmengun í Krýsuvík vegna moltudreifingar umhverfisfyrirtækisins Terra sem Samtök atvinnulífsins völdu umhverfisfyrirtæki ársins 2020.

### **Nadine Guðrún Yaghi, Sýn.**

Fyrir að afhjúpa umfangsmikil og afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningar á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

## Blaðamannaverðlaun ársins

### **Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir, RÚV**

Fyrir umfjöllun um atvinnuleysi þar sem tekið var á sálrænum, félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum þess í skugga heimsfaraldurs COVID-19.

### **Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Sýn**

Fyrir yfirgripsmiklar og áhrifaríkar fréttir sem fluttar voru beint af vettvangi af aurskriðunum á Seyðisfirði og afleiðingum þeirra.

### **Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV**

Fyrir vönduð fréttatengd viðtöl þar sem sjónum er beint að einstaklingum í erfiðum aðstæðum.

# Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna

Eftirfarandi eru nöfn verðlaunahafa Blaðamannaverðlauna BÍ í hverjum flokki verðlaunanna ásamt rökstuðningi dómnefndarinnar.



Verðlaunahafar Kjarnans með verðlaunagripinn.

## Umfjöllun ársins

**Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson á Kjarnanum**

Fyrir umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 og margháttaðar afleiðingar hans

Í umfangsmikilli umfjöllun er fjallað af næmni og dýpt um mannskæðan húsbruna á Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík í fyrrasumar. Blaðamennirnir nálgast atburðinn frá ótal hlöðum, frá þeim mannlega harmleik sem átti sér stað, yfir í kerfislæga jaðarsetningu og oft á tíðum óboðlegan aðbúnað erlends verkafólks á Íslandi.

## Viðtal ársins

**Orrí Páll Ormarsson á Morgunblaðinu**

Fyrir viðtal við Ingva Hrafn Jónsson

Í viðtali Orra Páls við Ingva Hrafn Jónsson undir fyrrisögninni Vill lögleiða dánaraðstoð er dregin upp ný hlið á annars þjóðþekktum manni. Ingvi Hrafn ræðir bróðurmissi á liðnu ári og þau djúpstæðu áhrif sem ákvörðun bróður hans um að þiggja dánaraðstoð hafði á hann. Í framhaldinu fjallaði Orrí Páll nánar um dánaraðstoð og dýpkaði með umfjöllun sinni umræðu um þetta viðkvæma mál.



*Orri Páll Ormarsson á Morgunblaðinu með verðlaunagripinn.*

#### **Rannsóknarblaðamennska**

#### **Nadine Guðrún Yaghi, Fréttastofu Stöðvar tvö, Bylgjunnar og Vísis**

Fyrir umfjöllun um umfangsmikil og afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningar á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Nadine Guðrún Yaghi afhjúpaði umfangsmikil og afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningu á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Fréttaflutningurinn leiddi til þess að þúsundir sýna voru endurgreind og fjöldi frumubreytinga, sem ella hefðu ekki fundist, komu í ljós. Sögð var saga kvenna sem höfðu ýmist greinst með ólæknandi krabbamein, farið í legnám eða látist. Umfjöllunin varpaði ljósi á brotalöm í greiningarferli sem notið hefur trausts.



*Nadine Guðrún Yaghi, Fréttastofu Stöðvar tvö, Bylgjunnar og Vísis með verðlaunagripinn.*

#### **Blaðamannaverðlaun ársins**

#### **Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV**

Fyrir fréttaflutning og viðtöl í tengslum við erfið og oft viðkvæm mál.

Þórhildur fjallaði meðal annars um ótrúlegt björgunarafrek í Hafnarfjarðarhöfn, alvarleg mistök læknis á bráðamóttöku og kynferðisbrot á þroskaskertri konu í dagvistun á vegum Reykjavíkurborgar. Í þessum málum og fleirum sem Þórhildur hefur fjallað um tekur hún ítarleg, greinargóð og einnig áhrifarík viðtöl við þolendur og aðra sem að málum koma og dýpkar með því skilning bæði á atburðunum sjálfum og afleiðingum þeirra.



*Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV með verðlaunagripinn.*

# Ávarp formanns dómnefndar

## Björns Vignis Sigurpálssonar

### Ágætu félagar.

Enn einu sinni komum við saman til að afhenda Blaðamannaverðlaunin og fagna uppskeru fjölmiðlaflóru ársins 2020.

Ekki er þó allt með felldu að þessu sinni því að athöfnin er með fámennasta móti og henni streymt vegna nýhertra sóttvarnaaðgerða. Heimsfaraldurinn geisar þannig sem aldrei fyrr og hefur undanfarið ár óhjákvæmilega sett mark sitt á fjölmiðla hérlandis sem erlendis. Bláða- og fréttamönnum hefur þó tekist að halda sjó með undraverðum hætti, og margir hverjir jafnvel opnað litlar ritstjórnarskrifstofur heima hjá sér ef því er að skipta.

Fyrir bragðið hafa fjölmiðlarnir varla misst út útgáfudag eða fréttatíma, sama hvað á hefur dunið. Í ofanálag

er brostið á eldgos í útjaðri höfuðborgarsvæðisins sem eykur auðvitað enn á vinnuálag fjölmiðlafólks og var það þó nóg fyrir. Afrakstur þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar bíður dómnefndar næsta árs. Bláðamenn kvarta ekki. Þeim finnst aldrei skemmtilegra í vinnunni en þegar tekist er á við stórfréttir í stórum stíl.

Plágan mikla verður væntanlega áfram yfrið fréttæfni, og mun setja svip á störf fréttá- og blaðamanna enn um sinn, eins og síðustu sóttvarnaaðgerðir gefa til kynna. Tillögur að tilnefningum sem bárust út af Covid á síðasta ári voru vissulegar margar og til marks um það að fjölmiðlar kepptust við að leiða fram alla anga þessarar stórfréttar, hinnar stærstu sem stéttin kemur til með að fást við um langan tíma. Enn er þetta samt frétt sem er að gerjast og þroskast og það er langt í

að heildaryfirsýn um umfang hennar sé komin í ljós.

Liklega er sú ástæðan fyrir því að útsvaldar tilnefningar um kórónuveiruna eru ekki yfirþyrmandi heldur eru aðrar allt eins að fást við margbreytileika mannlegs lífs með öllum sínum ranghölum og afkimum í bland.

Áður en lengra er haldið er rétt að ítreka sem endranær að nefndarmenn huguðu samviskulega að hæfi sínu eða vanhæfi þegar kom að því að meta einstakar tilnefningar, og viku þegar stóð á að hætta þótti á nástöðu.

Og þá er komið að verðlaunafhendingu. Eins og undanfarin ár eru veitt verðlaun í fjórum flokkum – fyrir Umfjöllun ársins, Viðtal ársins, Rannsóknarblaðamennsku ársins og Blaðamannaverðlaun ársins. Í augum verðlaunanefnda allt frá upphafi hefur ekki verið gerður neinn greinarmunur á flokkunum fjórum; þeir eru allir jafnir að mikilvægi og virðingu. Að auki er hér með verlaunagripurinn fyrir Mynd ársins sem Þorkell Þorkelsson hreppi að þessu sinni.

Félagar mínir í verðlaunanefndinni, Arndís Þorgeirsdóttir, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Óli Jón Ármannsson og Steinunn Stefánsdóttir, taka nú við, kynna hina tilnefndu í hverjum flokki og þá sem verðlaunin hreppa.



Dómnefnd Blaðamannaverðlaunanna þegar verðlaunahafar voru tilkynntir.



# Mynd ársins er af bakverði

Verðlaun fyrir blaðljósmyndir ársins 2020 voru afhent í vetur líkt og undanfarin ár. Auk bestu myndar ársins voru veitt verðlaun í sjö undirflokkum. Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari á Landspítalanum, tók mynd ársins en hún er ein af myndunum í myndaröð ársins. Myndin er af Ástu Kristínu Marteinsdóttur, sjúkraliða og laganema, eftir erfiða vakt, en hún skráði sig í bakvarðasveit þegar faraldurinn knúði að dyrum.

Alls voru 98 myndir valdar á sýninguna Myndir ársins að þessu sinni af 729 innsendum myndum íslenskra blaðljósmyndara. Nefnd sjö dómara valdi sigurvegara í

hverjum flokki og var sýningin haldin í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Ljósmyndararnir sem voru verðlaunaðir voru Kristinn Magnússon, ljósmyndari Morgunblaðsins, sem átti bestu fréttamyndina og að auki bestu tímaritamyndina, Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Vísis, sem átti íþróttamynd ársins og umhverfismynd ársins, Golli/Kjartan Þorbjörnsson, ljósmyndari Iceland Review, sem átti portrett ársins, Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, sem átti mynd ársins í flokknum daglegt líf og Þorkell Þorkelsson fékk verðlaun fyrir myndaröð ársins auk myndar ársins.

## Mynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Þorkell Þorkelsson

*Ásta Kristín Marteinsdóttir, sjúkraliði og laganemi, skráði sig í sveit bakvarða þegar faraldurinn knúði að dyrum. Eins og aðrir heilbrigðisstarfsmenn stóð hún í ströngu á árinu.*



### Umsögn dómnefndar:

Umsögn dómnefndar: Fallett augnablik í lok krefjandi vaktar á Landspítalanum. Fegurð í stofnanalegu og sterílu umhverfi. Værð og ró er í myndinni en á sama tíma tregi og þreyta. Táknræn mynd fyrir ástand ársins sem flestir eiga auðvelt með að tengja við, handþvottur, spritt og þreyta.



## Fréttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Kristinn Magnússon

Útkall barst vegna bruna í íbúðarhúsnæði á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu og var allt tiltækt lið sent á vettvang. Mikill eldur logaði í húsinu og bjargaði slökkvilið nokkrum úr logandi húsinu í gegnum glugga. Aðrir komust út af sjálfsdáðum, en tveir þurftu að stökkva út um glugga. Sex voru fluttir á slyshadeild og þrír létust í brunanum. Kveikt var í húsinu og einn maður var ákærður fyrir verknaðinn.



### Umsögn dómnefndar:

Sterk frásögn í einum ramma af stórrí frétt. Vel uppbyggð mynd sem segir margar sögur í einu. Hver einasti hluti myndarinnar hefur tilgang og minnir hún á frásagnarmálverk. Myndin sýnir vel alvarleika atburðarins og þær gríðarlega erfiðu aðstæður sem sköpuðust í eldsvoðanum.

## Íþróttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Vilhelm Gunnarsson



Guðlaug Edda Hannesdóttir þríþrautarkona æfði fyrir Ólympíuleikana í Tókýó í bílskúrnum heima í lítilli laug sem hún keypti í Costco eftir að sundlaugum var lokað vegna Covid-19. Leikunum var á endanum frestað til ársins 2021.



### Umsögn dómnefndar:

Í samkomubanni þar sem æfingastöðvar voru lokaðar og mótshald af skornum skammti þurfti afreksíþróttafólk að finna leið til að halda æfingum áfram. Íþróttamynd ársins kjarnar/sýnir þrautseigju og útsjónarsemi íþróttafólks í erfiðum aðstæðum.



## Tímaritamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Kristinn Magnússon



*Matarþáttur fyrir jólablað Morgunblaðsins.*



### Umsögn dómnefndar:

Tæknilega vel útfærð og stíliseruð mynd. Myndin er margskipt og skemmtilega hlaðin án þess að vera ofhlaðin. Mónótónísku greinarnar, laufin og könglarnir efst í rammanum mynda jafnvægi við litum og köku hlaðinn neðri hlutann. Með dulúðlegum fljótandi kertum sem tengja allt saman.

## Umhverfismynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Vilhelm Gunnarsson



*Tivolíbomba springur inni í reykjarmekki á flugeldasýningu fyrir miðnætti á gamlárskvöld.*

### Umsögn dómnefndar:

Óvenjuleg og listræn flugeldamynd sem hefur fagurfræðilegar skírskotanir í ýmsar áttir. Á ægifagran hátt minnir hún okkur á ógnandi nærveru kórónuveirunnar. Táknrænn endapunktur á krefjandi ári.

## Daglegt líf – mynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Valgárdur Gíslason



Svalasólbað við Laugaveg í Reykjavík.



### Umsögn dómnefndar:

Táknræn mynd fyrir sóttkvíarlífurni. Maðurinn rennur saman við umhverfi sitt og híbýli. Gluggarnir segja hver sína söguna og ímyndunnaflíð fer á flug. Hvernig var sóttkvíin bak við þessi gluggatjöld? Netflix búið og bækurnar staflast upp í glugganum.

## Portrettmynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Gollí/Kjartan  
Þorbjörnsson



Li Yiwie, kínverskur ljósmyndari búsett á Íslandi, skoðar íslensku vetrarskýin.



### Umsögn dómnefndar:



Falleg, óræð og draumkennd mynd. Viðfangsefnið liggur og horfir upp á skýin en á sama tíma er eins og hún sjálf fljóti um í skýjabreiðunni. Óvenjulegt og vel útfært portrett. Myndbyggingin gefur tilfinningu fyrir óendanleika og ró.



## Myndasería ársins



**Ljósmyndari:**  
Þorkell Þorkelsson



Hér gefur að líta svipmyndir frá kvöldvakt á deildum A6 og A7 í Fossvogi sem að öllu jöfnu eru lungnadeild og smitsjúkdómadeild, en voru í faraldrinum sérútbúnar fyrir Covid-19 sjúklinga. Á báðum deildum hefur verið mikill viðbúnaður í faraldrinum vegna alvarleika ástandsins, en þar starfa samtals hátt í 150 manns á þrískiptum vöktum allan sólarhringinn. Sérstaklega mikilvægt er að halda vöku sinni að næturlagi þegar færri úrræði eru til staðar ef eitthvað kemur upp á. Álagið á starfsemi Landspítala hefur verið mikið síðan í upphafi árs 2020 og spítalinn lengst af starfað á hættustigi. Þar eru allar hendur á dekki til að bregðast við farsóttinni sem geisar. Alla starfsorku hinna 6.000 starfsmanna spítalans hefur þurft til að hann geti verið sá hornsteinn Íslenskrar heilbrigðisþjónustu sem honum er ætlað að vera. Það hefur tekist með samstilltu átaki starfsfólks sem stendur vaktina og hugar að velferð skjólstæðinga allan sólarhringinn allt árið um kring.



### Umsögn dómnefndar:

Einlæg og falleg frásögn af kvöldvakt á Landspítalanum í miðjum heimsfaraldri. Ljósmyndarinn færir okkur heim sem fáir hafa aðgang að. Myndaröðin er heildstæð og sterk frásögn en jafnframt getur hver mynd staðið sér. Vel ljósmynduð sería við krefjandi aðstæður á erfiðum tímum.



# Formannaskipti og lagabreyting á aðalfundi



Sigríður Dögg, nýr formaður í ræðustól. Fundarstóri og fundarritari sitjandi, þau Aðalsteinn Kjartansson og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir. (Mynd: FPG)

Formleg formannaskipti urðu á aðalfundi BÍ í lok apríl. Sigríður Dögg Auðunsdóttir tók við af Hjálmari Jónssyni sem mun áfram gegna starfi framkvæmdastjóra félagsins. Samþykktar voru lagabreytingar frá stjórn félagsins þess efnis að kjörtímabil formanns verði tvö ár frá og með næsta ári. Í skýrslu fráfarandi formanns fór Hjálmar Jónsson yfir þróun í starfsemi félagsins undanfarin ár og áratug og kom þar fram að mikil gróska hefur verið bæði í faglegu starfi og eins í ýmsum stéttar-

félagsmálum og rekstri og aðstöðu sem félagið býður félögum upp á. Nýr formaður hvatti fólk til dáða og kvaðst hlakka til nýrra verkefna á vegum BÍ.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn en þær Sunna Kristín Hilmarsdóttir og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir gegnu úr stjórn en inn komu Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV og Nadine Guðrún Yaghi, Sýn. Þá hætti Björn Vignir Sigurpálsson eftir langt og farsælt starf bæði sem formaður verðlauna- nefndar og formaður síðanefndar.

Hjörtur Gíslason er nýr formaður í síðanefnd og inn í nefndina kom ný Fanney Birna Jónsdóttir. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir er nýr formaður verðlaunanefndar en nýr inn í nefndina kemur Þórlindur Kjartansson.

# Horft um öxl framávið



Hjálmar Jónsson,  
framkvæmdastjóri BÍ,  
skrifar

## Hugleiðingar um stöðu Blaðamannafélags Íslands

Fjármál Blaðamannafélagsins eru í góðu horfi, en það eru áskoranir framundan sem þarf að ákveða og undirbúa hvernig best er að mæta. Það er kostir og ókostir við það að vera lítil og standa einn og óstuddur. Kostirnir eru helstir þeir að boðleiðir eru stuttar og þjónusta ætti að öðru jöfnu að vera betri og persónulegri þess vegna. Ókostirnir eru að hagkvæmni stærðarinnar er ekki fyrir hendi, sem oft er raunar talsýn, og verkaskipting og sérhæfing minni en ella. En við blaðamenn eigum trauðla annan kost en standa einir og óstuddir og undirbúa það sem koma skal með þá framtíðarsýn fyrir augum. Hvergi á Norðurlöndunum eru þarlend blaðamannafélög hluti af stærri samtökum og þegar ég spurði sérstaklega eftir því á stjórnarfundi Norrænu blaðamannafélaganna var það talið af og frá að það myndi breytast í náinni framtíð. Félag blaða- og fréttamanna þurfa eðli málsins samkvæmt að standa utan allra heildarsamtaka. Þar er þó ólíku saman að jafna. Félag á hinum Norðurlöndunum telja vel á annan tug þúsunda félaga og eru því nægilega stór til að koma við verkaskiptingu og sérhæfingu og njóta hagkvæmni stærðarinnar. Þannig unnu skömmu eftir aldamótin, svo dæmi sé tekið, í kringum 20 manns á skrifstofu finnska blaðamannafélagsins, meðal annars lögræðingur sem sérhæfður var í höfundarrétti.

Blaðamannafélag Íslands er ágætlega stöndugt félag og vel í stakk búið til þess að mæta þeim kröfum sem framtíðin ber í skauti sér. Eigið fé félagsins hefur vaxið mikið á undanförunum árum og áratugum, eins og meðfylgjandi línurit ber með sér. Það sýnir þróun eigin fjár félagsins síðustu tvo áratugina og hlutfall þess sem bundið er í fasteignum. Eins og sést óx eigið fé gríðarlega framan af öldinni eða allt þar til hrúnið reið yfir. Það hefur síðan staðið í stað og raunar vaxið lítillega síðustu árin.

Þessi sterka staða félagsins var forsenda þess að það gat aðstoðað félagsmenn með margvíslegum hætti í kjölfar hrunsins. Íhaldssemi og glópalán gerðu það að verkum að fé tapaðist ekki í hrúninu og þrátt fyrir verulegt tekjufall í kjölfar hrunsins vegna fækkunar félaga og lækkunar félagsgjalda kom það ekki niður á þjónustu félagsins við félagsmenn, sem margir hverjir urðu að hasla sér völl á nýjum vettvangi vegna skorts á atvinnutækifærum í hefðbundinni blaðamennsku. Svo dæmi sé tekið lækkuðu

tekjur félagsins af félagsgjöldum um 34% milli árana 2007 og 2009 og það var ekki fyrr en árið 2014 sem félagið hafði sömu tekjur í krónum talið og árið 2007. Auk fækkunar félagsmanna var ástæðan sú að ákveðið var að lækka félagsgjöldin úr 1,45% í 0,8% eftir hrun til að koma til móts við félagsmenn.


Sterk fjárhagsstaða er líka forsenda þess að félagið hefur ekki þurft að skerða þjónustu sína á undanförunum árum þrátt fyrir áframhaldandi kreppu í fjölmiðlum, jafnt hér á landi sem annars staðar. Þvert á móti hefur að ýmsu leyti verið bætt í fremur en hitt.

Traustur fjárhagur hefur líka gert það að verkum að hægt hefur verið að ráðast í ýmsar framkvæmdir á vegum félagsins á undanförunum árum. Hæst bera kaup á allri þriðju hæðinni við Síðumúla, þar sem félagið er til húsa og gagngerar endurbætur á allri félagsaðstöðunni með innréttingu samkomusalar fyrir allt að 100 manns með eldhúsi og snyrtiaðstöðu, auk þess sem lyfta var sett í húsið, þannig að félagsaðstaðan gæti verið öllum aðgengileg. Það nýjasta í þeim efnunum er bygging stórra svala og brunastiga á norðurhlíð hússins, en framkvædir í þeim efnunum standa enn yfir og lýkur ekki að fullu fyrr en nú í sumar.

Þá var keypt nýtt orlofshús í Stykkishólmi, skömmu eftir hrun, sem er stærsta orlofshúsið í eigu félagsins, rúmir 100 fermetrar að stærð með svefnaðstöðu fyrir 10-12 manns. Raðhús félagsins á Akureyri var tekið í gegn að innan og utan og heitir pottar settir við orlofshúsin í Brekkuskógi, auk þess sem nýtt gestahús og saunahús var sett við annan bústaðinn, sem fyrir vikið er eftir það nefndur Stóra-Brekka. Það nýjasta í þessum efnunum eru svo kaup félagsins á 140 fermetra skrifstofuhæð við Ármúla. Þar er horft til þess að félagið muni í framtíðinni mögulega þurfa á frekari aðstöðu að halda fyrir félaga og hins vegar verið að auka hlutfall arðberandi fasteigna í eignasafni félagsins á tímum þar sem vextir eru í sögulegu lágmarki á Íslandi. Fjárfestingin borgar sig að fullu upp á 15 árum, en bankainnistæða hefði í besta falli staðið í stað, eins og nú er málum háttað. Það er ábyrgðarhluti að fara með fé annarra og skylt að ávaxta það eins vel og kostur er og fasteignir hafa til þessa og sannarlega fram að verðtryggingu þótt traustustu eignirnar í íslensku samfélagi.


## Hrein eign BÍ 2001–2020

í milljónum kr. á verðlagi hvers árs



## Hrein eign BÍ 2001–2020

í milljónum kr. á meðalverðlagi 2020 m.v. vísitölu neysluverðs



Hér má sjá hvernig eignarstaða Blaðamannafélagsins hefur þróast undanfarna tvo áratugi, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á meðalverðlagi neysluvísitölu 2020.

En traustur fjárhagur hefur líka staðið undir margvíslegum faglegum verkefnum og verið forsenda þess að hægt hefur verið að ráðast í þau. Þannig hefur árlega verið haldin sýning á bestu myndum blaðaljósmyndara og frá árinu 2004 gefin út bók með bestu myndum hvers árs. Blaðamanna-verðlaun, fyrst í þremur flokkum og síðan í fjórum flokkum, hafa verið veitt árlega frá árinu 2003. Við höfum gefið út tvær viðtalsbækur við eldri blaðamenn í tilefni af 110 og 120 ára afmæli félagsins og sú þriðja er í undirbúningi. Þættir úr sögu félagsins hafa verið teknir saman og sama gildir stéttatal blaðamanna frá upphafi og fram til 1970, sem birt hefur verið á vef félagsins undir heitinu Blaðamannaminni, svo fátt eitt sé nefnt.

Blaðamannafélög, hér sem annars staðar, þurfa að vera fjárhagslega sterk til að sinna hlutverki sínu. Þannig halda þau og styrkja sjálfstæði sitt og geta veitt það aðhald sem

þau eiga að gera í lýðræðissamfélögum samtímans, þar sem tjáningarfrelsi er grunnurinn. Framundan eru margvíslegar áskoranir. Það er einkum tvennt sem þarf að horfa til á þeim sviðum sem ekki lúta að faglegum þáttum starfseminnar. Annars vegar hvernig best verður staðið að þjónustu við félagsmenn á sviði orlofsmála í fámennu félagi og hins vegar að miklum og ört vaxandi útgjöldum vegna sjúkradagpeninga. Hvort tveggja getur reynst fámennu félagi þungt í skauti og það þarf að hyggja vel að framtíðarfyrirkomulagi í þeim efnum.

HJ

## Blaðamannaklúbburinn

– góður staður til funda- eða veisluhalds



Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn**, er glæsilegur nýinnréttaður salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalds. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustuhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.

Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í sínum 553 9155 og 568 3155.



# Við erum ekki öll fjölmiðlar



Sigríður Dögg  
Auðunsdóttir,  
formaður BÍ, skrifar

Nýjustu uppljóstranir um þær aðferðir sem Samherji beitir í ófrægingarherferð sinni gegn fjölmiðlum og blaðamönnum höfðu eitt jákvætt í för með sér: Þær vöktu upp mikilvæga umræðu um hlutverk fjölmiðla í samfélaginu. Stjórnámamenn sem hafa tjáð sig af þessu tilefni eru flestir á sama máli: Skæruhernaður stórfyrirtækis gegn fjölmiðlum er fordæmdur og það ber að standa vörð um blaðamennsku sem nauðsynlega forsendu lýðræðisins.

Gott og vel. Stjórnámamenn sem þagað hafa í þá átján mánuði sem þetta hefur staðið yfir hafa nú sumir loksins stigið fram. Sannarlega er betra seint en aldrei í þeim tilvikum. Flugrán Hvít-Rússa og handtaka blaðamannsins Romans Pratasevich nú í lok maí vöktu enn fremur upp hörð viðbrögð utanríkisráðherra sem reis upp til varnar tjáningarfrelsinu og fjölmiðlum og krafðist þess að blaðamaðurinn yrði látinn laus tafarlaust. Svo afgerandi voru viðbrögð hans reyndar að eftir því var tekið hvað hann hefur lítið tjáð sig um þá aðför sem Samherji hefur viðhaft í ofsóknum sínum gegn íslenskum fjölmiðlum og blaðamönnum.

## Það þurfti flugrán

Hið grófa og grímulausa ofbeldi sem Pratasevich, og samferðafélagar hans í farþegaflugvél Ryan Air, var hugsanlega of opinbert til að hægt sé að koma sér hjá því að tjá sig um það. Að minnsta kosti hefur utanríkisráðherra sjaldan, ef nokkurn tímann, verið jafn skýr í ræðu sinni um að frjálsir fjölmiðlar séu grundvöllur

lýðræðisins. Hvíta-Rússland er það land í Evrópu sem lýðræðið er hvað mest fótum troðið – og það ríki þar sem fjölmiðlafrelsi er með því minnsta í heimi. Það má þá að minnsta kosti vona að næst þegar hann fær tækifæri til, risi hann upp til varnar tjáningarfrelsinu á Íslandi og fjölmiðlum okkar.

*Frjálsir fjölmiðlar eru grundvöllur lýðræðisins.* Þetta er ekki innihaldslaus mantra frá blaðamönnum komin. Fjölmiðlar eiga að upplýsa, veita aðhald og vera vettvangur umræðu, í þjónustu almennings í landinu. Þeir gera okkur kleift að verða upplýstir samfélagsþegnar, veita fólki rödd sem annars hefur hana ekki og reyna að láta kjósendur fá skýrar og hlutlausar upplýsingar um stjórnámál og stjórnámálafólk í aðdraganda kosninga svo þeir geti haft áhrif á samfélagið á sínum forsendum. Og stundum fletta fjölmiðlar ofan af spillingu.

Ef íslenskir fjölmiðlar sinna ekki aðhaldshlutverki sínu fær almenningur ekki upplýsingar sem varða misbeitingu á valdi, hvort sem á við um stjórnvöld, fyrirtæki, opinberar stofnanir eða hagsmunasamtök.

## Þetta vita flestir. Eða hvað?

Nýjasta umræðan tengd Samherja hefur opinberað mikinn misskilning og rangtúlkunir um hlutverk blaðamanna og fjölmiðla. Blaðamenn eru sagðir „sjálfhverfir aumingjar“ sem mætti gagnrýna með hvaða hætti sem er. Þeir eigi bara að hætta að vera svona viðkvæmir.

## Sjálfhverfir aumingjar sem geta illa varið sig

Blaðamenn og fjölmiðlar eru ekki hafnir yfir gagnrýni. Hún er þeim nauðsynlegt aðhald sem tryggir að þeir séu stöðugt að rækja hlutverk sitt með fullnægjandi hætti. En í þessu tiltekna máli, þegar kjörinn þingmaður kallar blaðamenn „sjálfhverfa aumingja“ fyrir að rísa loksins upp til varnar tjáningarfrelsinu, til varnar lýðræðinu, þá erum við komin á hættulegar brautir. Því ef blaðamenn gera það ekki sjálfir gerir það enginn. Ólíkt því sem þekktist í öðrum löndum virðist ekki vera lenska meðal stjórnámamanna hér að styðja fjölmiðla þegar á þeim er brotið, þegar fréttamenn eru ofsóttir eða grafið er undan rekstri einkarekinna miðla. Orð eins og „tjáningarfrelsi“, „frjálsir fjölmiðlar“ og „fjórða valdið“ sjást og heyrast á tyllidögum og við sérstök tækifæri, en þegar á reynir skríða stjórnámamenn í felur, eða það sem verra er, gera lítið úr ástandinu, afbaka sannleikann og endurtaka jafnvel orðfæri þess sem ber ábyrgð á árásum. Að minnsta kosti þegar sá sem árásum beitir er með stórt vopnabúr og djúpa vasa. Eins og Samherji.

En það sem er því miður ekki einsdæmi hér á landi, er að stjórnámamenn ráðist gegn fjölmiðlum sem þeim eru ekki þóknanlegir. Sérfræðingar sem hafa skoðað þessi mál benda á að stjórnámamenn liti svo á, beint eða óbeint, meðvitað eða ómeðvitað, að með orðræðu Donalds Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseta,



hafi verið gefið út skotleyfi á fjölmiðla. Orðræðan, fyrirlitningin og árásirnar sem heimurinn varð vitni að af hálfu Trump í garð tiltekinna fjölmiðla hafa orðið til þess að stjórnmálamenn, og fleiri, leyfa sér í mun meira mæli en áður að ráðast að fjölmiðlafólki með tilhæfulausum ásökunum. Mörkin hafa færst til. Fjölmiðlafólki eru gerðar upp sakir um hlutdrægni, að að baki fréttum þeirra séu annarlegar hvatir, það sé handbendi eigenda fjölmiðlafyrirtækjanna, stjórnmálaaflla, hagsmuna og þar fram eftir götunum. Þó ber að halda til haga að árásir íslenskra stjórnmálamanna gegn tilteknum fjölmiðlum tíðkuðust reglulega fyrir tíð Donald Trump. Og dropinn holar steininn.

Árásirnar virka. Eftir því sem almenningur heyrir oftar í kjörnum fulltrúum sem úthúða blaðamönnum og fjölmiðlum, því líklegra er að fólk missi trú á fjölmiðlum. Sérstaklega í ljósi þess að árásirnar eru einhliða. Fjölmiðlar með hlutleysisskyldu geta alla jafna ekki með góðu móti varið sig gegn tilteknum stjórnmálamönnum, þó að það sé verið að ráðast á þá beint. Hlutleysisskyldan vegur þar þungt. Þess vegna verður þögn hinna stjórnmálamannanna næstum jafn hættuleg.

Ef þeir sem virðingu bera fyrir hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélaginu láta aldrei í sér heyra, þá er umræðan alltaf á annan veginn. Það hefur verið svolítið íslenska leiðin. Það var ekki fyrr en óhróðurinn og orðfærið var orðið svo áþreifanlega sjokkerandi: „stinga, snúa og strá svo salti í sárið“, að stjórnmálamenn rönkuðu við sér. Það dugði ekki til að blaðamenn hafi þurft að búa við það að um þá sé njósnað, fylgst sé með heimili þeirra, þeim hótad. Því þessi sjálfhverfa stétt verður bara að þola „smá gagnrýni“.

## Prófill á Instagram gerir þig ekki að blaðamanni

Sem betur fer virðist örla á vitundarvakningu í umræðunni. Ekki aðeins meðal stjórnmálamanna, heldur má

greina ákveðna viðhorfsbreytingu í blaðamannastétt. Kallað hefur verið eftir aukinni samstöðu fjölmiðlafólks og að við látum í okkur heyra þegar á okkur er brotið. Ekki síst til að uppræða almenning, og kjörna fulltrúa, um hlutverk fjölmiðla og blaðamenskustarfið.

Það virðast ríkja ranghugmyndir um fjölmiðla. Ein þeirra kristallast í setningu sem þingmaður lét út úr sér í viðtali fyrir skömmu: „Við erum öll fjölmiðlar“. Þessi setning endurspeglar fullkomið skilningsleysi á því sem svo mikilvægt er að halda á lofti í umhverfi upplýsingaóreiðu og falsfrétta: Hvað er fjölmiðill og hvað ekki?

Flestir geta miðlað upplýsingum og það er ekkert nýtt. Sá sem stendur á torgi og prédikar er ekki eins manns fjölmiðill, jafnvel þótt þúsundir séu að hlusta. Hann er samt að miðla upplýsingum. Þau sem meðtaka upplýsingarnar frá prédikaranum, bera þær undir samstarfsfólk sitt á ritstjórn fjölmiðils, setja þær í samhengi, leita viðbragða, skýra og birta sem frétt – þau eru blaðamenn. Og miðillinn sem birtir fréttina er fjölmiðill. Jafnvel þótt miklu færri lesi fréttina en hlustuðu á prédikarann á torginu. Það er ekki stærð áheyrendahópsins, lesendahópsins, fjöldi áhorfenda eða fylgjenda sem ræður því hvort upplýsingamiðlun sé fjölmiðill. Það eru vinnubrögðin, fréttamatíð, siðareglurnar, sannleikskrafan og hlutleysið. Samfélagsmiðlar, myndbönd, story á Instagram og blogg eru ekki fjölmiðlar. Þetta eru stafræn torg með þúsund prédikurum.

Það er alvarlegt og örlítið furðulegt að þau sem taka virkan þátt í samfélagsumræðunni, jafnvel kjörnir fulltrúar, skilji ekki þennan mun. Að því sé haldið fram að við séum öll fjölmiðlar og taka þannig þátt í að afmá mörkin enn frekar dregur úr trausti á fjölmiðla. Því ef fólk veit ekki hvaðan upplýsingar eru fengnar, hvort það er á ritstýrðum fjölmiðli samkvæmt þeim kröfum sem þar gilda, eða á einhliða bloggsíðum eða áróðurs-

myndböndum, þá vakna spurningar um hverjum sé treystandi.

## Það er vinna að gera góðar fréttir

Þegar í virku lýðræðisríki þurfa að vera upplýstir. En það er til lítils gagn að skrifa vandaðar fréttir ef lesendur trúa þeim ekki. Þótt um það sé deilt hversu mikið traust hefur dvínað á fjölmiðla og fréttir undanfarin ár eru flestir sammála því að það sé mjög hvíkul. Eitt af því sem nefnt hefur verið að auki traust á fjölmiðla er að þeir sjálfir komi því betur á framfæri hvernig fréttamenn vinna fréttir og hvaða vinna fer fram inni á ritstjórn fjölmiðlanna, hvaða siðareglum er fylgt, hvaða vinnureglum og svo framvegis.

Því mætti velja því upp hvort fjölmiðlar og blaðamenn ættu að taka sig saman og hefja nokkurs konar kynningar- og fræðsluherferð, fyrir almenning og kjörna fulltrúa, lýðræðinu, tjáningarfrelsinu og fjölmiðlum sjálfum til varnar. Það virðist vera full þörf á að á rétta hvaða hlutverki fjölmiðlar gegna í lýðræðissamfélagi, hvernig þeir starfa, hvernig fréttir verða til og hvaða vinna fer fram inni á ritstjórnunum. Það yrði þá kannski líka til þess að kjörnir fulltrúar hættu að líta á sjálfa sig, og alla aðra, sem fjölmiðla.



# Um blaðamanna- minni

**Rætt við Björn Vigni Sigurpálsson, sem tekið hefur saman yfirlit yfir blaðamenn fram til 1970**



*Björn Vignir Sigurpálsson: „Mér finnst þetta nokkuð flott heiti á þessu fyrirbæri sem er ekki eiginlegt blaðamannatal heldur frekar eins konar yfirlit yfir alla eða flest alla þá sem hafa komið eitthvað af alvöru við sögu blaðamennsku á Íslandi allt frá upphafi fram til ársins 1970. (Mynd: Kristinn Ingvarsson, tekin fyrir bókina Í hörðum slag).*

Á heimasíðu Blaðamannafélagsins hefur um nokkurt skeið verið hægt að fletta upp upplýsingum um blaðamenn fyrri tíðar, í svokölluðum „Blaðamannaminnnum“. Nýlega bættist nýr kafli við þessa þjónustu þegar blaðamenn árána 1960-1970 komu þar inn.

Það er Björn Vignir Sigurpálsson sem séð hefur um að taka þessar upplýsingar saman og í tilefni af þessum síðasta áfanga var Björn tekinn tali og spurður um þetta mikla verkefni. Það hefur annað slagið í

gegnum árin komið upp umræða í Blaðamannafélaginu hvort ekki væri rétt að útbúa blaðamannatal og Björn var fyrst spurður hvor þetta hafi verið hugsað sem liður í því?

„Já og nei. Það voru hér á árum áður eða í kringum 1950 uppi hugmyndir um að safna saman upplýsingum í blaðamannatal og þá var verið tala um að gefa það út í bók eins og venjan var á þeim tíma. Þessar hugmyndir reyndust hins vegar andvana fæddar“.

**- Hvernig og hvenær kemur þetta til?**

„Þetta kom þannig til að Hjálmar Jónsson, formaður BÍ og Fríða Björnsdóttir, formaður Menningarsjóðs blaðamanna á þeim tíma, fengu mig til að fara yfir söguleg skjöl í fórum félagsins og freista þess meðal annars að koma einhverju skikki á þau. Þá var vitað að mörg þessara eldri skjala voru varðveitt á Landsbókasafninu í Þjóðarbókhöðunni. Jón heitinn Bjarnason, blaðamaður á Þjóðviljanum, sem var lengi ritari félagsins og reyndar

formaður um tíma, var mjög virkur innan félagsins og eins og margir í stéttinni fyrr og síðar átti hann afar erfitt með að henda pappírnum. Það var gæfa félagsins.

Jón Bjarnason lést hins vegar í bílslysi langt fyrir aldur fram. Ættingjar Jóns settu alla pappírana samviskusamlega í pappakassa að honum gengnum. Þar gleymdust kassarnir og það var ekki fyrr en mörgum árum seinna þegar rýma þurfti húsnæðið sem geymdi kassana, að þeir uppgötvuðust aftur og var þá drifið í því að koma þeim á Landsbókasafnið til varðveislu. Jón var Hafnfirðingur eins og Lúðvík Geirsson, þáverandi formaður BÍ, sem gert var aðvart um þessi skjöl og skoðaði hann þau fyrstur manna eftir langt árabíll. Seinna átti Þröstur Haraldsson, félagi okkar, eftir að heimsækja Þjóðarbókhöðuna, fara betur yfir skjölin og skrifa um þau í Blaðamanninn. Lúðvík hafði reyndar skrifað frétt um þennan gamla fjársjóð í blaðið okkar strax og hann hafði lítið hann augum."

### **- Og svo hefur þú farið að skoða þessi gögn?**

„Já, sjálfur lét ég verða mitt fyrsta verk að fara í Þjóðarbókhöðuna, þar sem ég sat löngum stundum og skrifaði upp innihaldslýsingu á skjölunum, sem þegar þarna var komið höfðu verið sett í sérstakar skjalaöskjur til að sem best færi um þau og þau varðveittust sem best. Í framhaldi af þessu fór ég að hugsa hvort ekki væri umhendis að hafa hluta skjalanna á Landsbókasafninu en önnur á skrifstofu félagsins í Síðumúla. Til dæmis eru elstu fundargerðarbækurnar vestur á Melum, en þær yngri allar í Síðumúlanum. Ég orðaði það því við Hjálmar hvort ekki væri rétt að skrá skjölin í bókhöðunni. Endilega, sagði Hjálmar, getur þú ekki fundið manneskjuna? Niðurstaðan var að fá í verkefnið Vigdís Þormódsdóttur, upplýsingafræðing frá Háskóla Íslands. Og eins og Hjálmars er von og vísa lét hann ekki þar við sitja heldur fékk hann Vigdís til að skrá einnig öll önnur skjöl félagsins, svo að ég efast um að mörg stéttarfélag muni búa við betri reiðu á skjalamállum sínum en Blaðamanna-

félag Íslands þegar þeirri vinnu er lokið."

### **- Heitið, „Blaðamannaminni“ er óvenjulegt og er það lýsandi?**

„Mér finnst þetta nokkuð flott heiti á þessu fyrirbæri sem er ekki eiginlegt blaðamannatal heldur frekar eins konar yfirlit yfir alla eða flest alla þá sem hafa komið eitthvað af alvöru við sögu blaðamennsku á Íslandi allt frá upphafi fram til ársins 1970. Hugmyndin kviknaði þarna í Þjóðarbókhöðunni þegar ég rakst á bæði óútfyllt og útfyllt eyðublöð sem voru á þann veg að bæði var verið að sækja um inngöngu í Blaðamannafélagið og að þeir sem fyrir voru gátu fyllt út upplýsingar um sig til að nota í fyrirhugað blaðamannatal. Mér datt þá í hug að gaman gæti verið að uppfylla drauma félaga okkar frá því í kringum 1950 um blaðamannatal og ganga jafnvel lengra með því að taka með sem flesta þeirra sem lögðu þetta fag fyrir sig í byrjun. Ég hóf svo þessa vegferð í fyrndinni, strax fyrir upphaf félagsins, því við blaðamenn búum svo vel að eiga tvær ágætar bækur um sögu bæði blaðamennsku og um blaðamenn – þ.e. bækur þeirra Vilhjálmss Þ. Gíslasonar og Guðjóns Friðrikssonar þar sem hægur vandi var að ganga að frumkvöðlunum. Þessi gömlu eyðublöð fyrir blaðamannatalið voru þannig kveikjan og eins það að við blaðamenn eigum orðið þryðilegan vef, press.is, sem mér fannst upplagt að myndi hýsa þetta yfirlit um blaðamenn fyrri tíma. Þetta yfirlit, segi ég, því að ég er mjög meðvitaður um að það uppfyllir á engan hátt eðli og staðlaðar upplýsingar slíkra stéttartala. En þau töl eru þó orðin börn síns tíma – liðin tíð. Á vefnum er hins vegar hægt að uppfæra upplýsingar jafnharðan, lagfæra, leiðrétta og bæta við. Í blaðamannaminnnum er fyrst og fremst horft til þess hverra manna þessir einstaklingar eru, menntun þeirra og starfsferils. Einkahögum er meira og minna sleppt, eiginkvenna, barna og náinna ættingja ekki getið nema þau starfi eða hafi starfað í faginu. Blaðamannaminni finnst mér viðeigandi samheiti fyrir þennan hóp.

Minni er fallett orð sem felur í sér minningar um fólk, svoltið upphafið og hátíðlegt. Við drekkum minni kvenna og karla, það eru til leikskólar sem heita Vinaminni, og svo var frétt um það um daginn að Konungsbók Eddukvæða væri komin á landskrá Íslands um Minni heimsins. Þar höfum við það!"

### **- Hverjir eru í þessum minnum og hvernig er valið í þennan hóp?**

„Blaðamennskan hefur lengi verið rosalegt gegnumstreymisfag. Þar hafa einatt margir komið við í skamman tíma á leið sinni til frekara náms eða annarra viðfangsefna á vinnumarkaði. Flest þeirra minnst veru sinnar í starfinu með hlýju og gleði. En ég haft það sem þumalputtareglu að fólk þurfi að hafa starfað í blaðamennsku í að minnsta kosti þrjú ár eða lengur til að teljast fullburða, þó að það sé ekki alveg klippt og skorið. Félagatalið gegnir miklu hlutverki í þessu sambandi svo og fundargerðarbækur þegar við erum að þreifa okkur aftur í fortíðina. Rétt er að taka fram að það er þó ekkert skilyrði að menn séu í Blaðamannafélaginu til að rata inn í Blaðamannaminnin."

### **- Hvaðan koma upplýsingarnar um fólk og hvaðan myndefnið?**

„Netið er auðvitað notadrýgst við upplýsingaöflun og myndasöfnun fyrir þetta nýjasta tímabil um starfandi blaðamenn áratuginn 1960 til 1970. Einnig hefur verið leitað til bæði Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni og yfirleitt þurft að hafa allar klær úti. Stundum hefur þurft að hafa beint samband við fólk og fyrir hefur komið að fólk vill hreinlega ekki vera með í svona samantekt. Það hefur ekki beinlínis sagt nei, en eilífur eftirrekstur hefur ekki dugað og á endanum verður þá að láta gott heita. Því er ekki hægt að fullyrða að Blaðamannaminnin hafi að geyma alla blaðamenn en langflesta þó. Og netið er þeirrar náttúru að hafi eitthvað farið fram hjá manni, þá er minnsta málið að bæta við þegar ábending kemur um slíkt."

- *Hvað eru þetta margir sem eru komnir?*

„Það er ekki komin alveg nákvæm tala en mér sýnist þetta vera liðlega 250 nöfn sem eru komin í allt, þar af rösklega 50 nöfn með þessari nýjustu viðbót blaðamanna 1960 til 1970.“

- *Hversu mikilvægt er að þínum dómi að safna þessu saman?*


„Ég held að það sé mjög verðmætt fyrir félag eins og Blaðamannafélagið að eiga svona heildstætt yfirlit yfir flesta sem á einhverju tímabili fengust við þetta starf, eiga þess kost að fletta þeim upp með lítilli fyrirhöfn, jafnvel hlýja sér við góðar eða skemmtilegar minningar um samstarfsmenn eða starfsfélaga sem hafa orðið á vegi manns. Þetta styrkir sjálfsmýnd okkar

sem heildar þó að blaðamenn stakir og sér séu allskonar.“

- *Verður framhald á þessu starfi?*

„Nú veit ég það ekki fyrir vist, en mér hefur fundist á Hjálmari Jónssyni að hann hafi fullan hug á að halda þessu starfi áfram, og þá þekki ég nýja formanninn illa ef hún er ekki sama sinnis. Það eru framundan mjög mögnuð tímabil í þessari sögu félagsins – tímabilin frá 1970 fram til aldamóta þegar fagið og þar með félagið sprangu út með nýjum straumum í fjölmiðlun og ég tala nú ekki um tækniþynginguna. Þá eru ekki síður spennandi tímar núna fyrir fólkið okkar sem er að eltast við breytingarnar í starfinu á nýrri öld með öllum þeim tækifærum og ógnunum sem þar

leynast. Blaðamannaminninn eru vísast bara rétt að byrja. Sjálfur er ég ánægður með að hafa fengið að taka þátt í að yta þessu verkefni úr vör. Ég ætla mér hins vegar ekki frekari hlutdeild í því.“



Blaðamannaminninn má finna á vefsíðu Blaðamannafélagsins, [www.press.is](http://www.press.is)

## NÆSTU SKREF

Blaðamannafélag Íslands óskar eftir félagsmönnum til starfa í málefnaþópum með það að markmiði að efla og þróa faglegt starf innan félagsins og stéttarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið framundan á [press.is](http://press.is). Áhugasamir hafið samband við Sigríði Dögg Auðunsdóttur formann í gegnum netfangið [sigrurdogg@press.is](mailto:sigrurdogg@press.is)

### Vinnan fer fram í eftirfarandi málefnaþópum

#### Ritstjórn [press.is](http://press.is)

Skrif um fagleg málefni og annað sem tengist blaðamennsku á [press.is](http://press.is), og hlaðvarp Blaðamannafélagsins.

#### Síðareglur

Endurskoðun á síðareglum BÍ.

#### Framtíð BÍ

Hvernig sjáum við framtíð félagsins fyrir okkur, hverju þarf að breyta, viljum við fjölga félagsmönnum og þá hvernig, hver er stefnan?

#### Viðburðir og kynningarmál

Hugmyndahópur og skipulagning stærri og smærri viðburða á vegum félagsins og kynning á starfsemi félagsins út á við og inn á við. Umsjón samfélagsmiðla félagsins.



Mynd: Fyrir framan Hrímfaxa, nýja Viscountflugvél Flugfélags Íslands, á Kastrup-flugvælinum í Kaupmannahöfn 15. maí 1957. Frá vinstri: Sveinn Sæmundsson blaðafulltrúi Flugfélags Íslands og aðalfararstjóri, Pétur Thomsen, Vísir, Jónas Pálsson, Tíminn, Jón Guðmundsson, Frjáls Þjóð, Jón Bjarnason, Þjóðviljinn, Svavar Hjaltested, Fálkinn, Margrét Indriáadóttir, Útvarpið, Gísli J. Ástþórsson, Víkan, Agnar Bogason, Mánudagsblaðið, Auðunn Guðmundsson, Alþýðublaðið, Þorbjörn Guðmundsson, Morgunblaðið og Birgir Þorgilsson, starfsmaður Flugfélags Íslands í Kaupmannahöfn. Eins og sést á myndinni, þá var snyrtilegur klæðnaður að sjálfsögðu í hávegum hafður hjá félagsmönnum Bl.

Ljósmynd: AP.

## Fyrsta stóra boðsferðin

Íslenskir blaðamenn hafa í gegnum tíðina verið á ferð og flugi; á Íslandi og um heim allan, til að leita fréttu og skrásetja tíðindi, sem snertu Ísland.

Fréttamenn hafa til dæmis farið með forseta Íslands til Indlands, fylgt eftir íþróttamönnum í keppni á Ólympíuleikum og öðrum stórmótum. Farið með skákmönnum og bridsmönnum, sem fögnuðu heimsmeistaratitlinum í Japan 1991, þannig að menn gátu fagnað með því að segja: „Bermúda-skáll!“

Flugfélög og ferðaskrifstofur hafa oft boðið blaðamönnum með sér á framandi slóðir, til að kynna starfsemi sína. 23 blaðamenn og ljósmyndarar fóru með Ingólfi Guðbrandssyni, forstjóra Ferðaskrifstofunnar Útsýnar, til Spánar í október 1981, en þá fór Útsýn með fyrsta hóp eldri borgara frá Íslandi til Costa del Sol, til að dveljast þar. Aldrei áður höfðu svo margir félagsmenn Blaðamannafélags Íslands, Bl, farið saman í vinnuferð, sem stóð yfir í tvo daga. Tekin voru viðtöl og myndir af eldri borgurum í sólinni á Spáni og þá voru Spánverjar með kynningu á heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu á Spáni 1982 og einn keppnisvöllur var skoðaður, í Malaga. Útsýn kynnti þá hvað yrði í boði fyrir knattspyrnuáhugamenn í sambandi við HM.

Fyrsta stóra boðsferð íslenskra blaðamanna var farin 1957. Flugfélag Íslands, Flí, bauð þá tíu blaðamönnum í fimm daga ferð og var tilefni ferðarinnar koma tveggja nýrra Viscount-flugvéla og 20 ára afmæli Flí. Þá var öflug starfssemi Flí í

Kaupmannahöfn, Hamborg og London kynnt. Flogið var frá Reykjavíkflugvelli föstudagsmorgun 15. maí til Glasgow og þaðan fljótlega til Kaupmannahafnar, þar sem gist var í eina nótt. Móttaka var í nýrri glæsilegri skrifstofu Flí við Vesterbrogade og síðan var haldið til kvöldverðar í Tívoli.

Frá Kaupmannahöfn var haldið laugardaginn 16. maí til Hamborgar og gist þar í tvær nætur. Birgir Þorgilsson, starfsmaður Flí, tók á móti hópnum í Hamborg. Frá Hamborg var flogið til London mánudaginn 18. maí með stuttri millilendingu í Amsterdam. Jóhann Sigurðsson, starfsmaður Flí, tók á móti hópnum í London og starfsemi skrifstofu flugfélagsins á Piccadilly var kynnt. Hópnum var boðið í leikhús um kvöldið, ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni, forseta Íslands og frú Dóru Þórhallsdóttur.

Gist var í London eina nótt áður en haldið var heim. Flogið var með annarri nýju flugvélinni, Hrímfaxa, nema þegar farið var frá Kaupmannahöfn til Hamborgar og London. Þá var flogið með finnsku flugfélagi.

Flogið var frá London síðdegis þriðjudaginn 19. maí og lent í Reykjavík kl. 22. Boðið var upp á glæsilegan mat í tilefni þess að forsetahjónin flugu með heim frá London. Það var Þorvaldur Guðmundsson sem útbjó kvöldverðinn, sem var rúsinan í pylsuendanum á glæsilegri og vel heppnaðri ferð blaðamanna.

Texti: Sigmundur Ó. Steinarsson.

# Ógnir gegn

## fjölmíðlafólki heima og heiman



Eftir  
Birgi Guðmundsson

### Nokkrar frumniðurstöður úr íslenskum hluta WJS rannsóknar

Upp úr miðjum maí síðastliðnum var haldið pressukvöld í húsaáskynnum Bí með yfirskriftinni „Gagnrýni eða árásrir?“ og var umræðuefnið nýlegar atlögur Samherja að einstökum blaðamönnum sem fjallað höfðu um málefni þess með gagnrýnum hætti. Spurt var hvar mörkin lægju milli þess sem gæti talist heilbrigð og nauðsynleg gagnrýni á störf fjölmíðlafólks og hvað væru hreinlega árásrir eða ofsóknir. Eftir fjörugar umræður varð niðurstaðan sú að kannað yrði hjá félagsmönnum Bí hvort þeir hafi orðið fyrir hótunum í starfi sínu, og þá hvers kyns hótunum, hvort leitað hafi verið til lögreglu vegna þeirra og hver viðbrögð lögreglu hafi verið.

#### Alþjóðlegt vandamál

Umræða um öryggi og ógnir sem steðja að blaðamönnum hefur lengst af verið nokkuð framandi á Íslandi, en í nágrannalöndum okkar og víða í Evrópu eru þessir hlutir teknir mög alvarlega enda vandamálið vel þekkt. Í Evrópu eru ógnirnar vissulega fjölbreyttar og oft á tíðum beinni en það sem um er að ræða hér, en margt er þó líkt og hótanir og ofsóknir af ýmsu tagi líkar því sem nú er farið að ræða hér þekkjast vel annars staðar. Þetta vandamál er víðast hvar talið kalla á viðbrögð, og Evrópuráðið hefur m.a. látið sig þetta varða og nú í vor stóðu ýmis samtök þýskis fjölmíðlafólks að sérstakri yfirlýsingu eða sáttmála, þar sem mælt var til að útgefendur þar í landi tækju upp á sína arma að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna sinna.

#### Þýski sáttmálinn

Sáttmálinn var próaður af fagfélögum blaðamanna og samtökum sem berjast fyrir fjölmíðlafrelsi og þar er að finna tillögur að ýmsum ráðstöfunum sem grípa beri til þegar blaðamönnum er hótað eða ógnað á einhvern hátt eða þá að þeir eru beinlínis beittir líkamlegu ofbeldi vegna mála sem þeir eru að fjalla um. Ein tillagan gengur til dæmis út á að fjölmíðlafyrirtækin sjálf hafi á að skipa föstum tengilið eða trúnaðarmanni sem blaðamenn, bæði fastráðnir og lausamenn, sem lenda í hótunum geta þá leitað til. Þessi tengiliður sé sérfróður um mál af þessu tagi og geti leiðbeint blaðamönnum um lagalega, félagslega og sálfræðilega aðstoð sem þeir kunna að þurfa þar til öryggi þeirra er tryggt.

Mogens Bjerregård, formaður Evrópu-sambands blaðamanna, hefur fagnað þessu framtaki Þjóðverjanna og bent á að það sé í raun í samræmi við stefnumörkun setta fram af Evrópuráðinu um vernd blaðamanna. „Og já,“ segir hann, „stjórnvöld, lögregla og líka atvinnurekendur hafa ríka skyldu til að tryggja betur öryggi bæði fastráðinna og lausráðinna starfsmanna.“

#### Svenska Dagbladet

Vandamál sem tengjast bæði tilviljanakenndum og skipulögðum hótunum og ógnunum gagnvart blaðamönnum, hafa einnig verið vaxandi á Norðurlöndum og er skemmst að minnast ummæla sem Anna Careborg, aðalritstjóri Svenska Dagbladet, lét falla í spjalli við Blaða-

manninn fyrir ári síðan en þar segir: „Spurð um hótanir og ógnanir við blaðamenn í Svíþjóð segir Careborg það raunverulegt vandamál. Alls kyns hótanir og ógnandi hegðun gagnvart blaðamönnum hafi færst í aukana, ekki síst í gegnum netið og á samfélagsmiðlum. Hún telur það þó ekki hafa áhrif á blaðamenskuna hjá Svenska Dagbladet, enda hafi fyrirtækið fjárfest verulega í öryggismálum. Sjálf segir hún að hún njóti sérstakrar verndar öryggisvarða en það eigi hins vegar ekki við um almenna blaðamenn, og það séu raunar oftast þeir sem er ógnað. Vissulega sé oft langt milli orða og æðis þegar um hótanir er að ræða, en þetta skapi ótta og óviðunandi starfsaðstæður.“

#### Staðan á Íslandi – WJS

Öryggi blaðamanna er sem sé áhyggjuefni víða, og þess sér m.a. stað í alþjóðlegu rannsóknarverkefni Worlds of Journalism Study (WJS) sem íslenskur rannsóknarhópur er þátttakandi í.

Í þessu rannsóknarverkefni er meðal annars sjónum beint að öryggismálum og stefnt að því að bera saman stöðuna í hinum ýmsu löndum heims. Fyrir nokkru lagði þessu rannsóknarhópur ítarlega könnun fyrir íslenska blaða- og fréttamenn og var þar meðal annars spurt um hvers kyns ógnir sem steðja að íslenskum blaðamönnum. Í ljósi umræðunnar á pressukvöldinu og niðurstöðu fundarins, hefur rannsóknarhópurinn gefið góðfúslegt leyfi til að birta frumniðurstöður hvað þessar ógnir varðar, en taka ber fram að þær



Frá pressukvöldi um „Gagnrýni eða árásir“.

tölur sem hér birtast eru fyrstu tölur sem teknar eru út úr gagnasafninu og byggja á íslenskum hluta þeirra.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu var lögð fyrir spurning í 15 liðum þar sem spurt var um ýmiss konar ógnir, og sumar taka vissulega mið af öðrum veruleika en menn eiga að venjast á

Íslandi, en það er vegna þess að könnunin er alþjóðleg.

### Ógnanir algengar hér

Athygli vekur að einstaka liðir virðast furðu algengir á Íslandi, þótt í flestum liðum séu tilfellingar sem betur fer ekki mjög mörg. Þannig segir aðeins rétt

liðlega helmingur, eða 53% svarenda, að þeim hafi aldrei verið ógnað eða hótáð, sem þýðir að mjög mörgum hefur verið ógnað eða hótáð, en um 40% segja að það hafi gerst sjaldan eða stundum og 7% oft eða mjög oft. Svipaða sögu er að segja um það að siðferði blaðamanna hafi verið dregið í

Hversu oft hefur þú upplifað eftirfarandi í starfi þínu sem blaða- eða fréttamaður á undanförunum fimm árum? ( N=248)				
	Aldrei	Sjaldan/ stundum	Oft/mjög oft	Vill ekki svara
Hakkaðir reikningar þínir á samfélagsmiðlum	93%	6%	0%	1%
Sett/ur í fangelsi eða varðhald	98%	0%	0%	1%
Lögsótt/ur vegna starfsins	84%	13%	2%	0%
Upplifa umsáturseinelti (stalking)	84%	13%	3%	1%
Að vera hótáð eða ógnað	53%	40%	7%	1%
Beitt(ur) kynferðislegu ofbeldi/áreitni	87%	12%	0%	1%
Líkamsárás	96%	3%	0%	1%
Beitt(ur) þvingun með orðum/gerðum	76%	23%	1%	1%
Siðferði dregið í efa	39%	49%	11%	1%
Aðrir noti nafn þitt í falsfréttir	90%	8%	2%	1%
Aðrir dreifa um þig persónuupplýsingum	73%	24%	2%	1%
Orðið fyrir einelti á vinnustað	84%	14%	1%	2%
Áhlaup á skrifstofu og búnaður skemmdur	93%	6%	0%	1%
Ógnun í garð fjölskyldu þinnar	92%	7%	0%	1%
Vinna á Covid-19 hættusvæði	71%	20%	6%	2%

Hér má sjá frumniðurstöður úr nokkrum spurningum úr WJS könnuninni sem framkvæmd var á dögum meðal íslenskra blaða- og fréttamanna.



Frá pressukvöldi um „Gagnrýni eða árásir“.

efa, en um 60% blaðamanna hafa upplifað slíkt einhvern tíma. Aðrar tegundir ógnar eða árása virðast ekki eins algengar, en þó kemur það satt að segja á óvart hversu algengt ýmis konar ofbeldi er, s.s. að dreift sé um fólk persónuupplýsingum eða að fólk sé beitt þvingunum í orðum eða gerðum. Rétt er að hafa í huga að þær prósentur sem hér er miðað við eru reiknaðar af heildarsvörum 248 svarenda, þannig að það að 13% hafi

verið lögsótt í starfi síðustu fimm ár þýðir í raun 32 einstaklingar. Eins þýðir það að 12% hafi verið beitt kynferðislegri áreitni/ofbeldi að um er að ræða um 30 einstaklinga, og þar af er mikill meirihluti konur.

### Lærdómar

Þessar frumniðurstöður úr WJS könnuninni benda ótvírætt til þess að ástandið í öryggismálum blaðamanna á Íslandi sé í eðli sínu ekki mikið

frábrugðið því sem gerist í löndunum í kringum okkur, jafnvel þótt menn hafi kannski haldið að ástandið hér á landi væri eitthvað skárri. Því er full ástæða til að horfa til þess hvernig fjölmiðlafólk í nágrennalöndunum, t.d. í Þýskalandi, er að bregðast við og meta viðbrögðin og draga af þeim lærdóma sem hugsanlega eiga erindi á Íslandi.

## Hvað þýðir hvað?

Af gefnu tilefni þykir ástæða til þess að rifja upp hvað sé átt við með hugtökunum „on record“ eða „off record“: Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur alveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja félagar er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

- 1. On the record** (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælanda og hver tengsl hans við málið eru.
- 2. Off the record** (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildarmanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur hins vegar notað

upplýsingarnar til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

- 3. On background** (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan er þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.

- 4. On deep background** (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu eða hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsögðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.



## Pekktu rétt þinn!

**Grunnurinn.** Kjarasamningar BÍ eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

Vinnutími. Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

**Yfirvinna.** Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilviki eru því 495.400 kr.

**Hámarksvinnutími.** Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

**Rauðir dagar.** Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

**Stórhátíðardagar.** Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársdagur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnuáður fær frídag og yfirvinnu.

**Fastlaunasamningar.** Mjög hefur fæst í vöxt að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmni slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum. **Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum.** Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að á vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

**Fastráðning.** Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjár mánuðir, en uppsagnarfrestur á reynslutíma er ein vika.

**Endurgreiddur kostnaður.** Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettinging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

**Höfundarréttur.** Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að sínum verkum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnnum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

**Orlof.** Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölgar dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögnum fjölgar í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

**3ja mánaða frí.** Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra fresti upp frá því.

**Veikindaréttur.** Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjár mánuðir á fullum launum og þrjár mánuðir á hálfum

launum. Styrktarsjóður BÍ greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

**Tryggingar.** Allir blaðamenn eru slysa- og líftryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduáðstæðum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

**Lífeyrisiðgjöld.** Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.\*

**Séreignasjóður.** Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

## Þetta gerir félagið

**Hagsmunagæsla.** Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

**Fjölmiðlun.** BÍ er með vefinn press.is og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári.

**Fagleg umræða.** BÍ heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju, þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

**Lögfræðipjónusta.** Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og féлага þess þegar lögmansþjónustu er þörf.

**Orlofshús.** Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

**Endurmenntun.** Á vegum BÍ er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

**Rannsókn- og verkefnastykir.** Hægt er að sækja um sérstaka rannsókn- og verkefnastyki þegar um er að ræða útgjalda- og/ eða tímafrelka rannsóknvinnu

**Styrktarsjóður.** Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkra-þjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinskoðunar, sálfræðipjónustu, tannlækna, tæknisfrjógvunar o. fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki

**Alvarleg veikindi.** Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.

**Meningarsjóðsstyrkir.** Menningarsjóður BÍ veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

**Siðanefnd.** Á vegum BÍ starfar siðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

**Alþjóðlegt samstarf.** BÍ er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norrænna blaðamannafélaga

**Skrifstofa BÍ.** Skrifstofa BÍ er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri, [hjalmar@press.is](mailto:hjalmar@press.is) og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, [jona@press.is](mailto:jona@press.is) Sími á skrifstofu er 553 9155.

# Fjölmiðlafrelsi forsenda lýðræðis



Helgi Seljan lýsir herferð Samherja gegn sér sem stóð í 18 mánuði.

Blaðamannafélagið ásamt norrænu sendiráðunum í Reykjavík stóð fyrir málþingi um fjölmiðlafrelsi í Norræna húsinu á dögnum. Tilfnið var m.a. að Ísland hefur verið að færast niður á lista Fréttamanna án landamæra yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum og er þar nú í 16. sæti á meðan hin Norðurlöndin raða sér í efstu sæti listans. Þátttakendur komu víða að og auk sendiherra bæði Noregs og Finnlands sem



Gamalreyndir blaðamenn voru í salnum meðal áheyrenda.

stýrðu umræðum, tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað forystumenn í blaðamannasamtökum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum. Umræðunni var skipt í tvennt, fyrri og seinni panel, annars vegar umræðu um fjölmiðlafrelsi almennt og reynsluna af árásum Samherja á fréttamenn RÚV þar sem ræðumenn voru Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, Jón Gunnar Ólafsson, fjölmiðlafræðingur og Helgi Seljan, fréttamaður á RÚV. Í síðari hlutanum var sjónum beint að rannsóknarblaðamennsku og þá sátu í salnum þeir Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, Jón Þórisson, ritstjóri Fréttablaðsins og Þórir Guðmundsson, ritstjóri fréttastofu Stöðvar 2/Bylgjunnar/Vísis.

## 16. sætið

Í fyrri hlutanum varð mönnum nokkuð tíðrætt um lakari stöðu Íslands á lista Fréttamanna án landamæra um fjölmiðlafrelsi, en Ísland er þar eins og áður segir komið niður í 16 sæti. Sigríður Dögg, formaður BÍ, sagði þó að þessi tíðindi hefðu því miður ekki komið að öllu leyti á óvart þeim sem fylgst hafa með stöðugum árásum Samherja á fréttamenn Kveiks. Hún saknaði þess að stjórnámálmenn hefðu ekki með skýrari hætti tekið afstöðu með fjölmiðlafrelsinu og að sumir þeirra gerðu jafnvel lítið úr fordæmalausu áreiti fyrirtækisins gegn persónum blaðamanna. Hún lagði nokkuð línuna í framsögum margra sem á eftir komu þegar hún benti á að frelsi fjölmiðla væri í raun forsenda fyrir lýðræðislegri samfélagskipan og að án fjölmiðlafrelsis væri ekkert lýðræði.



Í fyrri panelnum var fjölmiðlafrelsi rætt. F.v.: Helgi Seljan, Jón Gunnar Ólafsson, Aud Lise Norheim, og Sigríður Dögg Auðunsdóttir.

## Þekkja ekki sambærilega hörku

Helgi Seljan lýsti í grófum dráttum hvernig Samherji reyndi í 18 mánuði að draga úr trúverðugleika þeirra sem

stóðu að umfjölluninni um fyrirtækið með ógnunum, persónunýsnum, umsátri, rógsherferð og hótunum frá lögræðingum, ekki bara gegn honum og samstarfsmönnum hans, heldur gagnvart útgefendum bókarinnar sem gefin var út um málið. Hins vegar hafi fyrirtækið aldrei gert tilraun til að koma upplýsingum á framfæri eða óskað eftir leiðréttingum eða á einhvern hátt reynt að taka efnislegan þátt í þessum fréttaflutningi öllum.

Áberandi var að erlendir frummælendur, sem voru frá hinum Norðurlöndunum, höfðu ekki orðið vitni að eða þekktu til sambærilegrar hörku í samskiptum blaðamanna og fyrirtækja og voru í viðbrögðum Samherja við fréttum Kveiks um fyrirtækið.



Seinni panellinn fjallaði um fjölmiðlafrelsi og rannsóknarblaðamennsku. F.v.: Þórður Snær Júlíusson, Jón Þórisson, Ann-Sofie Stude og Þórir Guðmundsson.

### Smæð fjölmiðlamarkaðarins

Annað þema sem kom upp í báðum hlutum umræðunnar laut að smæð íslenska fjölmiðlamarkaðarins og raunar að smæð íslenska samfélagsins. Jón Gunnar Ólafsson dró fram ákveðin ólíkindi með Íslandi og hinum Norðurlöndunum og benti á að þrátt fyrir ýmis sameiginleg menningarleg einkenni væri mikill munur á aðkomu ríkisvaldsins að fjölmiðlum hér og á hinum Norðurlöndunum. Smæð markaðarins gerði það einnig að verkum að bjargir íslenskra blaðamanna til að vinna flókin og erfið verkefni væru litlar. Styrkjakerfið við einkarekna miðla væri t.d. gamalgróið á flestum Norðurlöndunum og minna væri um að blaðamenn á Íslandi gerðu blaðamennsku að ævistarfi, sem aftur gæti komið niður á faglegru



Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ

skuldbindingu þeirra. Þetta gæti síðan aukið hættuna á því að blaðamenn yrðu nánast að verkfærum í höndum útgefenda og eigenda (instrumentalization).

### Ójöfn samkeppni

Segja má að þetta þema, þ.e. rekstrar-skilyrði einkareknu miðlanna og umdeilt styrkjakerfi, hafi einnig einkennt seinni hluta umræðunnar um stöðu rannsóknarblaðamennsku í landinu. Afkomubrestur og skekkt samkeppnisstaða gefur fjárснаудum ritstjórnnum litla möguleika til að sinna flóknari og tímafrekari verkefnum. Munur var þó á hvernig ritstjórnarnir þrír nálguðust þetta með tilliti til rannsóknarblaðamennskunnar og fjölmiðlafrelsisins. Þórður Snær sá þetta sem ójöfn átök milli blaðamanna sem væru fyrir hönd almannahagsmuna að takast á við sérhagsmuni, en hefðu yfir að ráða miklu fátæklegra vopnabúri. Bæði Jón Þórisson og Þórir Guðmundsson lögðu hins vegar áherslu á að samkeppnisumhverfi fjölmiðla á auglýsingamarkaði væri jafnað, bæði gagnvart RÚV og eins gagnvart erlendum risafyrirtækjum á sviði samfélagsmiðla sem væru að soga til sín sífellt stærra hlutfall af auglýsingum á Íslandi án þess svo mikið sem greiða skatta á Íslandi.

En hver sem áhersluatriðin eru, er ljóst að rekstrargrundvöllur miðlanna er forsenda bæði merkingarbærs fjölmiðlafrelsis almennt og rannsóknarblaðamennskunnar sérstaklega. Fjölmiðlafrelsið var þannig á þessu

málþingi skilgreint nokkuð vítt, ekki eingöngu sem frelsi undan beinum hótunum og árásum heldur líka sem möguleiki á að viðhalda fjölbreytni og fjölræði þannig að sjálfstæðir fjölmiðlar fái tækifæri til að dafna.



Hlustað gaumgæfilega á Norðmanninn Olav Njaastad frá Nordic Journalist Centre en hann tók þátt í málþinginu í gegnum fjarfundabúnað.

Myndir: Haraldur Jónasson

### Sameiginlegur vettvangur?

Í lok málþingsins kom það fram í máli Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, formanns BÍ, að hún hafi notað tækifærið og leitað eftir því við stjórnendur fjölmiðlafyrirtækjanna á staðnum að skapa sameiginlegan vettvang til að styrkja fjölmiðlafrelsi á Íslandi. Slík tillaga fékk að hennar sögn góðar undirtektir en hvort og hvernig sameiginlegur vettvangur um fjölmiðlafrelsi verður til á eftir að koma í ljós.



# Frétt um fána á lögreglubúningi ekki brot

Mál nr. 1/2020-2021

### Kærandi:

Anita Rut Beck Harðardóttir.

### Kærðu:

Kristín Ólafsdóttir og Nadine Guðrún Yaghi.

### Kæruafni:

Frétt með mynd af nafngreindum lögregluþjóni á vefmiðlinum visir.is 21. október 2020.

### Málsmeðferð:

Málið var kært til Siðanefndar 29. október 2020 með bréfi fyrir hönd kæranda frá Kristjáni B. Thorlacius hrl. Leitað var andsvara kærðu og bárust þau með bréfi dags. 16. nóvember frá Páli Ásgrímssyni lögmanni fyrir hönd kærðu. Málið var tekið fyrir á fundum Siðanefndar 10. nóvember, 24. nóvember og 15. desember.

### Málavextir:

Kærð er umfjöllun á vefnum visir.is 21. október undir fyrisögninni: *Umdeildir fánar á búningi lögregluþjóns vekja reiði* og birt mynd af kæranda, lögregluþjóni við störf, og hún nafngreind í fréttinni. Myndin hafði birst með frétt á mbl.is þann sama dag um alls óskilt mál. Sjást þrjár fánar á vesti lögregluþjónsins undir lögreglubúningi. Í fréttinni á visir.is segir að ekki sé hægt að fullyrða hvaða fána sé um að ræða eða hver merking þeirra sé en tekið fram að á samfélagsmiðlum hafi margir bent á einn fánann sem gæti verið svokölluð „Thin blue line“ sem tákn samstöðu lögreglumanna. Þá segir um annan fána á búningnum, sem þekktur sé undir nafninu Vínlandsfáni, að hvítir öfga-

hópar og nýnasistar hafi síðustu ár tekið fánann upp. Haft er eftir lögregluþjóninum í fréttinni að fánarnir séu svokallaðir „patchar“, bætur, sem festar eru á undirvesti lögreglumanna með frönskum rennilás. Skiptist lögreglumenn gjarnan á slíkum bótum og aðeins til skemmtunar. „Anita kveðst ekki vita hvaða merkingu fánarnir hafi og segist aldrei myndu bera slíka fána ef hún vissi af neikvæðri merkingu þeim tengdum,” segir í fréttinni.

Í kærðu kemur fram að kærðu hafi haft samband við kæranda sem hafi í því samtali sérstaklega áréttað að samtalið skyldi ekki tekið upp og taldi sig með því hafa komið því skýrt á framfæri að ekki yrði neitt eftir sér haft í fjölmiðlum um málið, hvað þá undir nafni. Taldi kærandi sig vera að tjá sig óformlega og að ummælin yrðu ekki birt með fréttinni. „Þá gerði hún alls ekki ráð fyrir að nafn hennar myndi birtast með fréttinni, enda löng hefð fyrir því að fjölmiðlar birti ekki nöfn lögreglumanna sem eru myndaðir við lögreglustörf, öryggis þeirra vegna og til verndar persónulífi þeirra. Lögð er áhersla á að engir sérstakir almannahagsmunir né heldur atriði sem varða almannaheill voru til staðar í málinu, sem réttlætt gætu nafn og mynd-

birtingu í umræddu tilfalli,” segir í bréfi lögmanns fyrir hönd kæranda.

Þá kemur fram í kærnunni að eftir að umrædd frétt með nafni kæranda hafi birst hafi nafnið einnig birst í öðrum fjölmiðlum og í framhaldinu hafi kærandi þurft að þola persónulegar árásir í athugasemdakerfum Vísis, í öðrum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og kallaður rasisti og nýnasisti og fleiri miður fallettum nöfnum. Tilgangslaus hafi verið að óska eftir að nafnbirtingin væri dregin til baka þar sem skaðinn hafi þegar verið skeður. Telur kærandi að umræddir blaðamenn hafi brotið gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands enda ekki sýnt fyllstu tillitssemi í málinu og valdið kæranda óþarfa sársauka og vanvirðu.

Í svari lögmannsins fyrir hönd kærðu segir að grundvallarágreiðingur sé um málsatvik. Því er hafnað að kærandi hafi ekki viljað að samtalið yrði tekið upp og hefði komið því skýrt á framfæri að ekki yrði neitt haft eftir sér um málið. Því er einnig hafnað að kærandi hafi verið að tjá sig óformlega og hefði mátt draga þá ályktun að ekki yrði haft eftir henni. „Þess utan ræður engum úrslitum að nafn kæranda hafi komið fram í fréttinni, enda höfðu þegar birst af henni myndir í öðrum fjölmiðlum þar sem hún var vel persónugreinanleg. Í litlu samfélagi þarf ekki nafnbirtingu til að persónugreina einstaklinga. Nafnbirtingin ein og sér hefur því í öllu falli ekkert vægi í málinu,” segir í svari lögmannsins.

Bent er á að kærandi hafi skömmu síðar farið í annað viðtal við annan blaðamann vefmiðilsins og þar hafi kærandi ekki komið neinum athugasemdum á framfæri vegna nafnbirt-



ingarinnar. Kærandi hafi ekki á nokkru stigi málsins óskað nafnleyndar og verði þvert á móti að telja að með því að fara ítrekað í viðtöl hafi kærandi veitt leyfi sitt fyrir nafnbirtingunni og sjónarmiðum kæranda um hið gagnstæða mótmælt sem röngum. Kærðu telja einnig að lögreglumenn séu ekki hafnir yfir gagnrýni á framgöngu þeirra í starfi og að réttur fjölmiðla til að miðla fréttafni þar sem fram komi að lögregluþjónn beri merki sem kenna megí við nýnasma og annars konar hatursorðræðu sé varinn samkvæmt stjórnarskrá.

Kærðu telja sig hafa sýnt fyllstu tillitssemi í vandasömu máli, ekki fáist séð að kærandi falli undir 3. gr. siðareglanna um að eiga um sárt að binda og þaðan af síður hafi kæranda verið valdið óþarfa sársauka eða vanvirðu. Kærðu hafna því að hafa brotið 3. gr. siðareglna og kefjast þess að Siðanefnd úrskurði að ekki sé um brot að ræða.

## Umfjöllun:

Við yfirferð Siðanefndar á málinu kemur skýrt fram að ágreiningur er milli kæranda og kærðu um hvernig málsaðilar lýsa samtölum sínum í

aðdraganda birtingar fréttarinnar. Stendur þar orð gegn orði um hvort kærandi hafi verið í viðtali til birtingar og þá undir nafni eða ekki.

Hin kærða frétt snýst að miklu leyti um fána á búningi lögregluþjóns og hvaða skírskotun merking þeirra gæti haft og greint er frá umfjöllun og gangrýni á samfélagsmiðlum varðandi þær eftir að mynd af lögregluþjóninum birtist á mbl.is. Vísað er í að reiði hafi brotist út á samfélagsmiðlum vegna myndarinnar sem sýni lögregluþjón bera fána á búningi sínum sem sagðir eru umdeildir. Ekki er í fréttinni tekin afstaða til þess hvaða þýðingu umrædd merki hafa en nefnd dæmi um mögulegar skírskotanir merkinganna.

Einnig er rætt við yfirlögregluþjón hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem segir að lögreglumenn eigi ekki að bera nein merki sem ekki eru viðurkennd á lögreglubúningi og það hafi verið ítrekað við starfsfólk embættisins.

Fram kemur einnig í fréttinni að lögregluþjónninn á umræddri mynd segist ekki hafa vitað af mögulegri neikvæðri merkingu fánanna og telji um ósanngjarna gagnrýni að ræða og

telur Siðanefnd að sjónarmið lögregluþjónsins hafi þannig komist til skila.

Siðanefnd telur að lögreglumenn verði að sæta því að fjallað sé um störf þeirra og í þessu tilviki merkingar á búningi lögregluþjóns sem ekki séu viðurkenndur hluti lögreglubúnings.

Siðanefnd telur að í fréttinni hafi kærðu lýst sjónarmiðum viðkomandi aðila og dregið fram ýmsar hliðar málsins og telur kærðu ekki hafa brotið gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

## Úrskurður:

Kærðu, Kristín Ólafsdóttir og Nadine Guðrún Yaghi, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Björn Vignir Sigurpálsson  
Hjörtur Gíslason  
Ásgeir Þór Árnason  
Friðrik Þór Guðmundsson  
Jóhannes Tómasson

# Man.is ekki brotlegt

Mál nr. 2/2020 -2021

## Kærandi:

Hrefna Höskuldsdóttir

## Kærðu:

Trausti Hafsteinsson, blaðamaður og Reynir Traustason, ritstjóri á man.is  
Kæruefni: Umfjöllun um systurson kæranda á man.is sem fólst í birtingu útdráttu úr minningargreinum í Morgunblaðinu, þ.e. eftir kæranda, móður hins látna og gamlan vin.

## Málsmeðferð:

Kæran barst Siðanefnd BÍ 6. nóvember 2020 og hún tekin fyrir á fundi Siðanefndar BÍ þriðjudaginn 10. nóvember. Þar var samþykkt að taka kærana til meðferðar og óska eftir viðbrögðum hinna kærðu. Svar barst frá ritstjóra man.is 11. nóvember. Kæran var síðan tekin til umfjöllunar 24. nóvember og 15. desember.

## Málavextir:

Kært er á grundvelli 3. gr. siðareglna

þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.“ Einnig er vísað til 6. gr. reglnanna um að hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur geti kært ætlað brot til Siðanefndar innan tveggja mánaða frá birtingu. Fyrst skuli þó leita leiðréttingar mála hjá viðkomandi fjölmiðli. Fram kemur að hálfu kæranda að þegar föstudaginn 30. október hafi

verið sendur tölvupóstur á hina kærðu hjá man.is þar sem athugasemd var gerð við vinnubrögð en ekki hafi komið nein viðbrögð af hálfu man.is. Í svari man.is til Siðanefndar er hins vegar krafist að kærinni verði vísað frá en sýknað ella.

### Umfjöllun:

Í bréfi kæranda til Siðanefndar segir að hinn 28. október sl. hafi birst eftir kæranda og tvo aðra minningargreinar í Morgunblaðinu um systurson hans sem var jarðsettur eftir hádegi sama dag. Þennan sama morgun hafi birst „frétt“ á vefsíðunni man.is um andlát systursonarins. Erfitt sé að dæma af efnistöku umrædds vefmiðils hvort um sé að ræða fréttanetmiðil eða vefsíðu af einhverjum öðrum toga. Engu að síður telji aðstandendur síðunnar a.m.k. að vefsíðan sé fjölmiðill, sem haldið er úti af frétt- og blaðamönnum. „Innihaldið í „fréttinni“ var endursögn á tédum minningar-

greinum. Fyrirsögnin var gerð sláandi enda sennilega ætluð til að fá „klikk“. Birtingin hafði mikil áhrif á fjölskylduna sem var á sömu mínútum að gera sig tilbúna til að fara til kirkju í útförina,” segir þar.

Í svörum kærðu er því haldið fram að hin kærða grein byggji alfarið á minningargreinum í Morgunblaðinu miðvikudaginn 28. október. Segir orðrétt: „Ungur maður er fallinn frá, alltof snemma, og hans minnst með afar fallegum hætti. Þess var gætt að vitna til heimilda í greininni sem birtist þennan morgun. Um er, sem sagt, að ræða birt efni og án þess að úr samhengi væri slitið.“ Segir enn fremur að man.is harmi að hafa valdið aðstandendum sárindum enda aldrei ætlunin að valda auknum harmi með því að endurbirta minningargreinar um hinn látna. Ævinlega sé gætt í sambærilegum málum að hvergi væri varpað skugga á minningu hins látna. Greinin sé víðsjarri því að vera

æsisfrétt, eins og henni sé lýst í kærinni. Hún byggir á orðréttum tilvísunum.

Birting minningargreinar í dagblaði er opinber birting. Siðanefnd BÍ telur að endurbirting eða útdráttur úr minningargrein í öðrum miðli fari ekki í bága við Siðareglur BÍ enda sé þar ekki vikið frá upprunalegum texta eða efnið brenglað.

### Úrskurður:

Trausti Hafsteinsson og Reynir Traustason hjá vefmiðlinum man.is teljast ekki hafa brotið gegn Siðareglum BÍ.

Reykjavík, 15. desember, 2020.  
Björn Vignir Sigurpálsson  
Hjörtur Gíslason  
Ásgeir Þór Árnason  
Friðrik Þór Guðmundsson

# Kæru gegn Stöð 2

## vísað frá

Mál nr. 12/2019-2020

### Kærandi:

N.N.

### Kærði:

Fréttastofa Stöðvar 2.

### Kæruefni:

Umfjöllun Fréttastofu Stöðvar 2 í sjónvarpsfréttum mánudaginn 28. september 2020 um dóm héraðsdóms í forræðisdeilu kæranda og barnsmóður hans.

### Málsmeðferð:

Kæran barst Siðanefnd með tölvupósti kæranda 14. október 2020. Siðanefnd óskaði eftir andsvörum kærðu, sem bárust með bréfi Páls Ásgrímssonar, lögmanns, dags. 3. nóvember 2020. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 10. nóvember 2020 þar sem ákveðið var að óska eftir endurriti þess dóms héraðsdóms sem málið varðaði. Hvorki kærandi né kærðu urðu við beiðni Siðanefndar og báru fyrir sig að þinghald í málinu hafi verið lokað. Siðanefnd tók málið aftur fyrir á

fundum sínum 24. nóvember og 15. desember 2020.

### Málavextir:

Kærandi lýsir því að í greindum fréttatíma hafi verið fjallað um forræðisdeilu hans við barnsmóður sína sem lokið hafði með því að héraðsdómur hafi dæmt að forræði barns þeirra skyldi vera hjá kæranda. Í fréttinni hefði hins vegar verið dregin upp mjög einhliða mynd af atvikum og gefið hafi verið í skyn að með dóminum væri verið að taka barn af

verndandi móður og setja það í hendurnar á barnaniðingi. Fréttamaður átti viðtal við lögmann barnsmóður kæranda í útsendingunni og nefndi lögmaðurinn þar mjög persónuleg atvik varðandi kæranda sem ekki höfðu neina þýðingu við úrlausn málsins. Kærandi vísar til þess að fréttin hafi verið sett upp eins og að blaðamaðurinn hefði lesið dóminn og látið það líta út eins og að með dómnum hefði móðurinni verið hegnt fyrir að tálma umgengni við kæranda en kærandi bendir á að fjöldamörg önnur atriði höfðu þó áhrif á niðurstöðuna án þess að þeirra væri almennilega getið. Í kærunni nefnir kærandi þrjú atriði sem hann kallar stór mistök hjá fréttastofunni við umfjöllunina, þ.e. 1) að um lokað þinghald hafi verið að ræða og því ólöglegt að fjalla um það á opinberum vettvangi, 2) að hvorki kærandi né lögmaður hans hafi verið spurðir út í málið við vinnslu fréttarinnar og 3) að friðhelgi og andleg líðan þeirra persóna sem fjallað var um var virt að vettugi.

